

Átaksverkefni ASÍ, SA og RSK

Tímabilið 10. júlí til 31. ágúst 2012



Alþýðusamband Íslands



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



RÍKISSKATTSTJÓRI



Samstarf um eflingu góðra atvinnuhátta

Reykjavík, 22. október 2012

Átaksverkefni ASÍ, SA og RSK

Tímabilið 10. júlí til 31. ágúst 2012

Inngangur

Átaksverkefninu „Leggur þú þitt af mörkum?“ sem er samstarfsverkefni Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og ríkisskattstjóra um eflingu góðra atvinnuhátta, var fram haldið dagana 10. júlí til 31. ágúst 2012. Var þetta þriðji fasi verkefnisins sem ákveðið var að endurvekja eftir nokkurt hlé. Færri starfsmenn komu nú að verkefninu en áður auk þess sem verklag og afmörkun var önnur en í fyrri hlutum verkefnisins. Sú nýbreytni var viðhöfð í heimsóknum í fyrirtæki að starfsmenn RSK voru með tölvubúnað sem nettengdur var við gagnagrunna RSK. Slík tenging gerði kleift að sannreyna á staðnum hvernig háttað var vinnusambandi þeirra aðila sem skoðaðir voru. Því var hægt að spyrja nánar og markvissar um ástæður brotalama sem upp komu við skoðunina. Þessi aðferðafræði gerði það að verkum að yfirferð var hægari heldur en í fyrri átaksverkefnum en þá höfðu verið teknar niður kennitölur og upplýsingar til nánari skoðunar síðar.

Niðurstöður

Með nýju verklagi sem og færri starfsmönnum við átakið var yfirferð í þessum þriðja hluta verkefnisins umfangsminni en áður. Á móti kom að hvert mál var skoðað nánar og brugðist var við frávikum strax með viðeigandi hætti. Þrátt fyrir minna umfang fékkst í þessum hluta verkefnisins mikilvæg reynsla með breyttri nálgun sem nýtt verður í framhaldinu til að efla og þróa þessa aðferðafræði við vettvangseftirlit. Hins vegar er ljóst að frekari úrræða er þörf í baráttunni gegn svartri vinnu og svartri atvinnustarfsemi.

Í meðfylgjandi töflum er að finna helstu upplýsingar um fjölda rekstraraðila sem heimsóttir voru og fjölda starfsmanna sem rætt var við með greiningu á svartri vinnu og bótasvikum. Hér á eftir er töluleg samantekt verkefnisins.

Heildartölur	Starfsm.		Fj. fyrirtækja	
Starfsmenn í úrtaki	247	100%	108	100%
Fjöldi í svartri vinnu	36	14,6%	33	30,6%

Þar af misnotkun á greiðslum				
Stofnun	Starfsm.		Fj. fyrirtækja	
Greiðslur frá TR	4	1,6%	4	3,7%
Greiðslur frá VMST	11	4,5%	10	9,3%
Greiðslur frá lífeyrissj.	2	0,8%	2	1,9%
Greiðslur frá verkl.fél	1	0,4%	1	0,9%

Tafla 1: Hlutfall svartrar vinnu og misnotkun á bótagreiðslum.

Starfsemi	Samtölur		Fjöldi í		Fj. greitt		Fj. greitt		Fj. greitt		Fj. greitt	
	Fyrirt.	Starfsm.	svartri vinnu		frá TR		frá VMST		frá lífsj.		frá öðrum	
Byggingariðnaður	40	82	18	22,0%	3	3,7%	7	8,5%	2	2,4%		
Farþegaflutningar	34	44	12	27,3%			2	4,5%			1	2,3%
Veitingastaðir	18	65	3	4,6%	1	1,5%						
Gistiheimili	8	23	3	13,0%			2	8,7%				
Bakarí	2	5										
Hótel	2	24										
Bílaviðgerðir	1	1										
Fiskverkun	1	1										
Iðnaðarmenn	1	1										
Þvottur og bón	1	1										
Samtals	108	247	36	14,6%	4	1,6%	11	4,5%	2	0,8%	1	0,4%

Tafla 2: Sundurliðun svartrar vinnu og misnotkun á bótagreiðslum eftir starfsgreinum.

Áþreifanlega kom fram að svarta vinnu var helst að finna hjá svokölluðum einyrkjum. Gildir þá einu hvort þeir stundi reksturinn á sinni eigin kennitölu eða eru með kennitölu lögaðila utan um reksturinn. Af þeim 36 einstaklingum sem fundust við svarta vinnu í þessari úttekt voru 25 þeirra einu starfsmennirnir við reksturinn, eða rúm 69%. 15 aðilar fundust við vinnu sem jafnframt voru á bótum frá Vinnuálastofnun og Tryggingastofnun og voru þeir allir tilkynntir til hlutaðeigandi stofnunar sem síðan mun bregðast við með viðeigandi hætti. Fullkomin samfylgni er á milli þess að aðilar sem svíkja út bætur frá framangreindum stofnunum stunda jafnframt svarta atvinnu. Þá voru 10 aðilar sem vanrækt höfðu tilkynningarskyldu sína boðaðir inn á launagreiðendaskrá ríkisskattstjóra í kjölfar skoðunar.

Um vinnslu verkefnisins

Í þessum þriðja fasa verkefnisins var sjónum sérstaklega beint að fyrirtækjum í matvæla-, byggingar- og ferðaiðnaði, en undir ferðaiðnað flokkast í þessari úttekt hvers konar farþegaflutningar og gistipjónusta. Til athugunar var hvort starfsmenn væru skráðir hjá sínum vinnuveitendum og kæmu fram á staðgreiðsluskýrslum. Einnig var athugað hvort starfsmenn væru með vinnustaðaskíreini. Að verkefninu komu tveir fulltrúar SA, tveir fulltrúar RSK og eftir atvikum einn til þrjár fulltrúar ASÍ. Meiri kraftur var í verkefninu á seinni stigum þess þar sem aukinn mannskapur frá ASÍ kom að málum.

Farið var í vettvangsheimsóknir til fyrirtækja í nefndum atvinnugreinum tvisvar í viku á meðan áttakinu stóð. Sem dæmi um framkvæmd má nefna að eftirlitshópurinn kom sér fyrir á ferðamannastöðum við Gullfoss og Geysi, sem og við Þingvelli og Leifsstöð. Var sú framkvæmd unnin í samvinnu við Lögregluembætti viðkomandi svæðis. Þar voru bifreiðar tengdar ferðamannaíðnaði stöðvaðar og bílstjórar og leiðsögumenn spurðir um kennitölu og vinnuveitanda.

Ennfremur var farið inn á byggingarsvæði stórbygginga þar sem farið var á milli hæða og kennitölu starfsmanna og vinnuveitanda teknar niður. Sem dæmi um frávik sem komu í ljós í þessari heimsókn voru verktakar sem ekki höfðu skilað skattframtölum né öðrum skattgögnum til margra ára og voru hvergi skráðir með laun.

Sem fyrr segir var sú nýbreytni viðhöfð við eftirlitið hjá fulltrúum RSK að rafræn skoðun var framkvæmd á viðkomandi starfsstöð. Tölvubúnaður með beinni tengingu við upplýsingakerfi RSK var hafður með í för til þess að sannreyna upplýsingar á starfsstöð um leið og athugunin fór fram. Með þessu verklagi var brugðist við frávikum og brotum á réttri skattframtöllum jafn óðum og þau komu fram, og viðeigandi aðilum, s.s. Vinnuálastofnun og Tryggingastofnun, var samstundis tilkynnt um frávik. Þetta nýja verklag kallaði á hægari yfirferð við eftirlit þar sem meiri tími fór í hverja og eina skoðun, en á móti kom að hverju og einu máli var fylgt betur eftir. Þykir eftirlitsfulltrúum sýnt að slíkt verklag sé markvissara en það verklag sem áður hefur verið viðhaft við eftirlit með svartri vinnu og bótasvikum, þar sem yfirferð hefur verið meiri og úrvinnsla þeirra atriða sem upp komu fór fram á síðari stigum. Af hálfu RSK mun þessi framkvæmd sem og upplýsingatækni henni tengd verða þróuð frekar.

Reykjavík, 25. október 2012

f.h. ríkisskattstjóra

f.h. Alþýðusambands Íslands

f.h. Samtaka atvinnulífsins

nafn?

nafn?

nafn?